

**476. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 21. október 2014
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður og Berglind Eir Egilsdóttir varamaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar eru athugasemdir gerðar og skoðast fundurinn lögmætur.

Tillaga.

Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætist 1. liður.

Að við bætist liður nýr liður nr 4, Fundargerð 5.fundar Byggingar,-skipulags,og umhverfisnefndar. Fundargerðin er í 7. liðum og eru 6 liðir sem koma til afgreiðslu.

Einnig að liður sem var nr 4, Ársfundur - 2. október. 2014. færast ofar á dagskrá og verði nr 3. undir lið

Fundargerðir til kynningar

Liður nr 7 Umsögn Fjórðungssamband Vestfirðinga á breytingum á lögum um fiskeldi, fellur út af dagskrá og færast því aðrir liðir ofar sem því nemur.

Dagskrá:

1. 1410057 - Fundargerð stjórnar FV frá 20. september 2014.

Til kynningar.

2. 1410049 - 92. fundur stjórnar NAVE

Til kynningar.

3. 1410048 - Ársfundur - 2. október 2014

Til kynningar

4. 1408006F - Byggingar,-skipulags- og umhverfisnefnd - 5

Tekin er fyrir fundargerð 5. fundar Byggingar,-skipulags- og umhverfisnefndar.

Fundargerðin er í 7 liðum.

4.1. 1408053 - Umsókn um stöðuleyfi

Erindi frá Dýrfisk ehf. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir þremur vinnuskúrum í Norður-Botni. Vinnuskúrnir eru ætlaðir sem aðstaða fyrir starfsfólk, salerni og geymsla. Erindinu fylgir afstöðumynd af fyrirhuguðum gámum.

Byggingar-, skipulags-og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur

byggingarfulltrúa útgáfu stöðuleyfa til 12 mánaða.
Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-,skipulags,og
umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

4.2. 1408005 - Gjaldskrá embættis skipulags- og byggingarfulltrúa.

Tekin fyrir drög að gjaldskrá embættis skipulags- og
byggingarfulltrúa.
Drög að gjaldskrá samþykkt með þeim breytingum sem ræddar voru
á fundinum.
Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-,skipulags,og
umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

4.3. 1408004 - Samþykkt um dýrahald í þéttbýli.

Tekin fyrir drög að samþykkt um dýrahald í þéttbýli.
Drög að samþykktinni samþykkt með þeim breytingum sem ræddar
voru á fundinum.
Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu Byggingar-,skipulags,og
umhverfisnefndar og leita áhlits Lögfræðisviði Sambands Íslenskra
sveitarfélaga.
Samþykkt samhljóða.

4.4. 1406081 - Breyting á aðalskipulagi.

Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps
2006-2018. Greinargerð og uppdráttur dagsettur 20. október 2014.
Viðfangsefni breytingarinnar er breyting á landnotkun í þéttbýlinu á
Tálknafirði og nýtt
efnistökusvæði E5 í dreifbýli sem og leiðréttingar á númerum á
svæðum fyrir þjónustustofnanir í
þéttbýli en númer í greinargerð og uppdrætti hafa víxlast á tveimur
stöðum. Ennfremur er gerð breyting á sveitarfélagsuppdrætti þar sem
bætt er við iðnaðartákni við Keldeyri þar sem staðsett er stöðvarhús
og eldisker og var ekki greint frá í breytingu á aðalskipulagi sem
staðfest var 13.05.2014.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og
felur skipulagsfulltrúa að auglýsa breytinguna skv.31.
gr.skipulagslaga nr. 123/2010.
Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-,skipulags,og
umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

4.5. 1404020 - Deiliskipulag hafnarsvæðis Tálknafirði

Deiliskipulag hafnarsvæðis Tálknafirði.

Deiliskipulag Tálknafjarðarhafnar tekið fyrir, greinargerð dagsett
október 2014 og uppdráttur dagsettur 20. október. Deiliskipulagið var

auglýst frá 19. maí 2014 til 30. júní 2014. Ein athugasemd barst við deiliskipulagstillöguna og var deiliskipulagið lagfært m.t.t. hennar. Óskað var umsagnar hjá Samgöngustofu, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar og bærust umsagnir frá öllum nema Minjastofnun. Umsagnir höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar á deiliskipulaginu.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með fyrirvara um breytingar á lóðrnúmeri hafnarskemmuna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða deiliskipulagið skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

4.6. 1410064 - Deiliskipulag Túnahverfi

Deiliskipulag íbúðarsvæði Túnahverfi Tálknafirði.

Deiliskipulag íbúðarsvæði Túnahverfi í Tálknafirði tekið fyrir, greinargerð og uppdráttur dags. 20. október 2014
Um er að ræða deiliskipulag á um 11,6 ha svæði sem afmarkast af Bugatúni í suðri, Lækjargötu í austri, Hrafnadalsvegi í vestri og Náttthagatúni í norðri. Í gildandi aðalskipulagi fyrir Tálknafjarðarhrepp 2006-2018 er svæðið skilgreint sem íbúðarsvæði, en einnig sem svæði fyrir þjónustustofnanir (S8). Unnið er að breytingu á aðalskipulagi samtímis deiliskipulaginu þar sem verið er að breyta landnotkun á S8 og V3/A2 í íbúðarsvæði.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar og auglýsa tillöguna skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

5. 1410047 - Náttúrustofa Vestfjarða - samþykkt tillaga á Ársfundi NAVE

Eva Dögg víkur af fundi, Berglind Eir tekur sæti á fundinum.

Erindi frá Náttúrustofu Vestfjarðar, NAVE, sem lagt var fram á ársundi NAVE þann 2. október s.l. þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélag NAVE til eftirfarandi tillögu:

Ársfundur Náttúrustofu Vestfjarða samþykkir að óska eftir því við aðildarsveitarfélög Náttúrustofunar að auka við framlög sveitarfélaganna a.m.k. á þessu og næsta ári um samtals 20 m.kr., 10 m.kr. hvort ár sem skiptist á milli sveitarfélaga í samræmi við föst rekstrarframlög til stofunnar. Með þessu verði fjárhagsleg staða stofunnar styrkt og skuldir greiddar niður.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu ársfundar NAVE frá 2. október s.l. og felur sveitarstjóra að gera viðauka vegna fjárveitinga vegna ársins 2014. Samþykkt samhljóða.

- 6. 1410063 - Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði**
Samþykkt samhljóða.
- 7. 1410070 - Beiðni um umsögn vegna manntals. Erindi dags. 14. október 2014.**
Berglind víkur af fundi og Eva Dögg tekur sæti aftur á fundinum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við landfræðilega skiptingu á manntalsefninu.
Samþykkt samhljóða.
- 8. 1410061 - Umsókn um heilmild til afskriftar á óinnheimtanlegum þing og sveitarsjóðsgjöldum**
Fært í túnaðarmálabók.
- 9. 1410062 - Framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags skólaárið 2014 - 2015**
Sveitarstjóra falið að svara bréfitara.
Samþykkt samhljóða.
- 10. 1410074 - Hitaveita Tálknafjarðar tillaga að reglum.**
Lagðar eru fram tillögur að Reglum fyrir Hitaveitu Tálknafjarðar. Framlagðar reglur eru samþykktar. Sveitarstjóra falið að ganga frá stofnun á Hitaveitu Tálknafjarðar.
Samþykkt samhljóða.
- 11. 1410078 - Hafnarsamþykkt Tálknafjarðar.**
Breytingum á hafnarsamþykkt vísað til seinni umræðu.
Samþykkt samhljóða.
- 12. 1303035 - Siðareglur**
Lögð er fram tillaga að siðareglum kjörinna fulltrúa Tálknafjarðarhrepps. Tillögu er vísað til síðari umræðu.
Samþykkt samhljóða.
- 13. 1410081 - Starfsskýrsla ATVEST 2013.**
Til kynningar.
- 14. 1201011 - Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Tálknafjarðarhrepps.**
Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að nýrri samþykkt um kaup og kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Tálknafjarðarhrepps.
Samþykkt samhljóða.
- 15. 1410090 - Beiðni um umsögn frá Alherjar-og menntamálanefnd**

vegna frumvarps til laga um framhaldsskóla, mál nr. 214.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um framhaldsskóla.
Samþykkt samhljóða.

16. 1410089 - Beiðni um umsögn frá Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis vegna frumvarps til vegalag, mál 157.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til Fjórðungssamband Vestfirðinga. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir að umsagnarfrestur verði lengdur.
Samþykkt samhljóða.

17. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem eru í vinnslu.

18. 1410055 - Íþróttamiðstöð - Reglubundin skoðun 18.09.2014

Til kynningar.

19. 1410073 - Athugasemdir um drög að reglugerð um umdæmi sýslumanna. Erindi dags.9. október 2014.

Til kynningar.

20. 1409029 - Umsókn um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2014-2015.

Til kynningar.

21. 1410046 - Fundargerð 818. fundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 12 september 2014.

Til kynningar.

22. 1207069 - Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, drög að tillögu að matsáætlun.

Til kynningar.

23. 1410072 - Staðgreiðsluáætlun 2014 og 2015. Erindi dags. 13. október 2014.

Til kynningar.

24. 1410054 - Skólaeldhús - Reglubundin skoðun 18.09.2014

Til kynningar.

25. 1410053 - Ábendingar vegna laxeldis. tölvupóstur dags.22.09.2014

Til kynningar.

**26. 1410077 - Byggðasamlaga Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks,
ársreikningur 2013**

Til kynningar.

27. 1410076 - Fjóðrungssamband Vestfirðinga, ársreikningur 2013.

Til kynningar.

**28. 1410075 - Ályktanri 59. Fjóðungspings Vestfirðinga, haldið á
Þingeyri, 3-4 október 2014.**

Til kynningar.

29. 1406020 - Starfsendurhæfing Vestfjarða Árskýrsla 2013.

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.35.
